

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar vegna breyttrar legu héraðsreiðleiðar.

Skipulagsstofnun staðfesti 13. maí 2025 óverulega breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 21. nóvember 2024.

Í breytingunni felst að legu héraðsreiðleiðar RH7 er breytt beggja vegna Miðbrautar og hún tengd stofnleiðum RS8 til norðurs.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 13. maí 2025.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 27. maí 2025